



Reglur um ferðastyrki lýðheilsu- og íþróttanefndar

Reglur um úthlutun ferðastyrkja lýðheilsu- og íþróttanefndar.

1. Ferðastyrkir vegna landsliðsferða eru veittir til iðkenda íþróttafélaga í Kópavogi. Íþróttafélög sem bjóða upp á íþróttagreinar sem ekki eru stundaðar í Kópavogi geta einnig sótt um styrk til íþróttaráðs vegna iðkenda sem eiga lögheimili í Kópavogi.
2. Umsókn um ferðastyrk iðkenda þarf að berast frá íþróttafélagi, deild félags eða sérsambandi til íþróttadeildar. Í umsókninni þarf að koma fram ferðakostnaður. Styrkir eru ávallt greiddir að ferð lokinni gegn framvísun afrits af flugfarseðli/farseðlum eða annarri staðfestingu um að ferð hafi verið farin.
3. Starfsmenn íþróttadeildar afgreiða ferðastyrki eftir því sem umsóknir berast að því gefnu að viðeigandi gögn fylgi umsókn. Því er hægt að senda inn umsóknir um ferðastyrki allan ársins hring.
4. Eftirfarandi gildir samkvæmt vinnureglum lýðheilsu- og íþróttanefndar um ferðastyrki;
 - Ferð með landsliði er styrkt að upphæð kr. 30.000,- á iðkenda, óháð fjölda ferða.
 - Greiði sérsamband eða aðrir aðilar fyrir ferð viðkomandi fellur styrkur frá lýðheilsu- og íþróttanefnd niður.
 - Lýðheilsu- og íþróttanefnd getur endurskoðað styrkupp hæðir á hverju ári í tengslum við fjárhagsáætlun bæjarins.
5. Ekki eru greiddir ferðastyrkir fyrir ferðir innanlands.

Samþykkt í lýðheilsu- og íþróttanefnd Kópavogs 16. október 2025